

**Ávarp**  
**Elizu Reid forsetafrúar**  
**á viðburði Amnesty International**  
**í tilefni alþjóða mannréttindadagsins**  
**10. desember 2023**

Sæl, öll sömul.

Það gleður mig að vera hér með ykkur í dag á þessum merkisdegi, alþjóða mannréttindadeginum. Við minnumst þess nú að það var á þessum degi fyrir 75 árum, í skugga skelfilegra stríðsátaka, sem þjóðir heims komu sér saman um Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna. Þetta var ekki samningur eða lagabókstafur heldur yfirlýsing um algild og óafsalanleg mannréttindi. Þessi mannréttindayfirlýsing hefur svo lagt grunninn að ótalmörgum samningum og skuldbindingum á þeim áratugum sem liðnir eru. Og ekkert annað skjal í sögunni hefur verið þýtt á jafn mörg tungumál. Mannréttindayfirlýsingin er nú aðgengileg á ríflega fimm hundruð tungumálum.

Þessi yfirlýsing er engan veginn fullkomin. Með henni eru þó lögð nokkur grundvallarmarkmið sem öll þjóðríki geta sameinast um, nokkurs konar leiðarljós sem ætlast má til að ríki taki mið af í viðleitni til að skapa réttlátt samfélag. Því miður er það samt svo að nú, þremur aldarfjórðungum síðar, búum við enn í heimi þar sem mannréttindi eru brotin daglega.

Vonir stóðu til þess að einhugur gæti ætíð ríkt um Mannréttindayfirlýsinguna og gildi hennar en því miður verður hún enn að bitbeini í innanríkisdeilum eða átökum milli ríkja. Sú ætti samt alls ekki að vera raunin. Eða getur einhver manneskja með réttu ráði virkilega verið ósammála þeirri fullyrðingu að „*allir séu bornir frjálsir og jafnir öðrum að virðingu og réttindum*“? eða að „*allir eigi rétt til lífs, frelsis og mannhelgi*“? Eða nokkurri annarri af 30 greinum yfirlýsingarinnar?

Við njótum mikilla forréttinda hér á Íslandi. Flest okkar búa við frið og öryggi, í einu friðsælasta landi í heimi, við einhver mestu lífsgæði sem völ er á. Við búum við heilbriggt lýðræði þar sem aðgengi er gott að kjörnum fulltrúum, þar sem við höfum fullan rétt til friðsælla mótæla, getum gerst róttæklingar, barist fyrir breytingum... og í íslensku samfélagi heyrast raddir okkar flestra betur en víða annars staðar, jafnvel þótt okkur líði ekki alltaf þannig. Fyrir þetta er ég ákaflega þakklát.

Ég er líka þakklát fyrir störf kjörinna fulltrúa og opinberra starfsmanna sem ég tel að starfi langflest af heilindum fyrir almenning og leggi hart að sér í aðstæðum þar sem oft þarf að taka tillit til flókinna hagsmuna. Ég treysti því líka að þessir fulltrúar okkar líti til Mannréttindayfirlýsingarinnar sem leiðarljóss í sínum störfum.

En hver er staða okkar gagnvart umheiminum? Hvað með þær skyldur sem á okkur hvíla? Það er ekki skylda okkar að segja öðrum þjóðum fyrir verkum, heldur að tala gegn óréttlæti þar sem aðrir eiga þess ekki kost.

Þessi viðburður er skipulagður af Amnesty International sem vinnur markvisst að því að auka vitund okkar allra um mannréttindabrot á heimsvísu. Á vefsíðum Amnesty, bæði þeirri íslensku og alþjóðlegu, má finna frásagnir af einstaklingum sem sæta grófum mannréttindabrotum, sögur sem varpa ljósi á umfangsmikinn vanda.

Og hvaða vandi skyldi það vera? Hvar á ég eiginlega að byrja? Hugur okkar allra er auðvitað með þúsundum almennra borgara, með öllum börnunum sem hafa verið drepin eða misst heimili sín og ástvini á Gaza síðustu vikur. Sömuleiðis með þolendum voðaverkanna í Ísrael 7. október. Ég nefni líka afgangskar konur sem búa við það hróplega misrétti að vera kerfisbundið sviptar öllum tækifærum til menntunar og réttinum til tjáningar eða hvers kyns persónufrelsis. Svo má ekki gleyma baráttufólki fyrir réttindum samkynhneigðra í Rússlandi og fjölda annarra landa, fólks sem þarf að þola það að sjálf tilvera þess hefur verið gerð refsiverð að lögum. Dæmin um yfirstandandi mannréttindabrot eru hreinlega of mörg til að hægt sé að telja þau öll upp hér og nú.

En við skulum samt ekki láta umfangið buga okkur eða letja okkur í baráttunni. Við getum kannski ekki gert allt fyrir alla en við getum notað rödd okkar, áhrif okkar, til að tala fyrir því sem við trúum að sé rétt og lifað eftir eigin sannfæringu.

Á sama tíma og við höldum áfram að krefjast umbóta, krefjast breytinga, frelsis, vopnahlés og friðar, þá skulum við líka hafa í hávegum mannlega reisn og muna að sýna hvert öðru kærleika. Sýnum þakklæti okkar fyrir Mannréttindayfirlýsinguna í verki og minnumst þess árangurs sem þó hefur náðst til að vernda og tryggja grundvallarmannréttindi.

Sannarlega er ástæða til að fyllast hryllingi gagnvart þeim voðaverkum sem eiga sér stað á meðan ég stend hér og tala. En á sama tíma getum við líka glaðst yfir því að enn meiri hryllingi hefur án vafa verið afstýrt, þökk sé

Mannréttindayfirlýsingunni og þeim lagaramma og samningum sem á henni byggja.

Að lokum langar mig að þakka ykkur öllum sem vinnið bak við tjöldin við að breyta heiminum til betri vegar. Takk Amnesty, bæði starfsfólk og félagar, fyrir allt ykkar framlag í þágu góðs málstaðar. Takk fyrir að vekja okkur til vitundar um öll baráttumálin og baráttufólkið sem þarf á stuðningi okkar að halda. Ég hvet ykkur öll til þess að halda áfram þessari ástríðufullu baráttu fyrir réttlátara samfélagi, ekki aðeins hér á Íslandi heldur um allan heim.

Takk fyrir.